

## 3. gr.

Þannig samþykkt á aðalfundi Verslunarbanka Íslands hf. hinn 18. mars 1978.

Framanrituð samþykkt staðfestist hér með.

*Viðskiptaráðuneytið, 30. nóvember 1978.*

**Svarar Gestsson.**

*Yngvi Ólafsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Sauðárkróks nr. 113 3. apríl 1973  
með síðari breytingum.**

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald allt að kr. 2 080.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. desember 1978.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 169/1970 með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 316/1978) bætist nýr töluliður er verði 25. töluliður er orðist svo:

25. tl. Eftirgreindar vélar enda séu þær ætlaðar til notkunar við fiskvinnslu: Flökunarvélar, flatningsvélar, roðflettingarvélar, slægingar- og hausskurðarvélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.15 svo og hakkavélar, marningsvélar, bein-skurðarvélar, flokkunarvélar og fiskþvottavélar sem falla undir tollskrárnúmer 84.30.19.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fjármálaráðherra er heimilt að endurgreiða söluskatt af þeim fiskvinnsluvélum er falla undir 1. gr. reglugerðar þessarar sem tollafgreiddar hafa verið eða seldar eftir 1. október 1978.

*Fjármálaráðuneytið, 27. nóvember 1978.*

**Tómas Árnason.**

*Höskuldur Jónsson.*

**AUGLÝSING**

**um breytingu á upphæð bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963.**

Hagstofa Íslands hefur samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. laga nr. 25 10. maí 1977 um breytingu á siglingalögum nr. 66/1963 reiknað út breytingu á upphæð bóta samkvæmt 1. gr. 1a og 1. gr. 2b téðra laga, nr. 25 10. maí 1977, svo sem hér greinir:

	Fjárhæð dánarbóta skv. lið 1a) í bráðabirgða- ákvæðum	Fjárhæð örorkubóta skv. lið 2b) í bráðabirgða- ákvæðum
	þús. kr.	þús. kr.
Grunnfjárhæð skv. lögnum, svarar til verkamanna- kaups í maí 1977, á gildistökutíma laganna .....	2 000	6 000
Framfærðar fjárhæðir, frá og með breytingum vikukaups:		
22. júní 1977 .....	2 512	7 536
1. sept 1977 .....	2 608	7 825
1. des. 1977 .....	2 985	8 955
1. mars 1978 .....	3 233	9 699
1. júní 1978 .....	3 887	11 663
1. sept. 1978 .....	4 027	12 082

*Samgönguráðuneytið, 23. nóvember 1978.*

**Ragnar Arnalds.**

*Kristinn Gunnarsson.*